

ÖRNEFNANEFND

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar	
Númer: 201901124	Mótt: 25.2.19
Skjalag: 00.0	Dags: 25.2.19
Afgf: Ögny	

Reykjavík 18. febrúar 2019

Sveitarfélagið Hornafjarðar
Hafnarbraut 27
780 Hornafirði


Efni: Umsögn um tillögu að nafni á nýju lóni framan við Heinabergsjökul

Örnefnanefnd barst erindi með tölvuskeyti frá Bryndísi Bjarnarson, upplýsinga- og umhverfisfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 12. febrúar sl., varðandi nafn á lóni sem myndast hefur framan við Heinabergsjökul og starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs hefur farið fram á að hljóti nafnið Heinabergslón. Fer sveitarfélagið fram á að Örnefnanefnd taki tillöguna til umsagnar.

Örnefnið Heinabergslón fellur vel að örnefnahefð í landinu. Tekið er mið af örnefni í nágrenninu í fyrra lið nafnsins og hinn síðari er lýsandi fyrir náttúruyrirbærið. Auk þess hefur lónið gengið undir þessu nafni í daglegu tali. Örnefnanefnd fellst því á tillöguna fyrir sitt leyti.

Örnefnanefnd bendir á að ráðherra örnefnamála, sem er mennta- og menningarmálaráðherra, þarf að staðfesta nöfn á nýjum náttúruyrirbærum áður en þau eru skráð í opinbera gagnagrunna.

Virðingarfyllst,



Þórunn Sigurðardóttir, formaður Örnefnanefndar